

Lög Íslenska Pílukastsambandsins



Efnisyfirlit

1. GREIN – HEITI OG OG AÐSETUR	2
2. GREIN – AÐILDARRÉTTUR OG SKYLDUR	2
3. GREIN – HLUTVERK OG MARKMIÐ ÍPS	2
4. GREIN – STJÓRNKERFI ÍPS	3
5. GREIN – PÍLUPING	3
6. GREIN – RÉTTUR TIL ÞINGSETU	3
7. GREIN - AUKAÞING	4
8. GREIN - SKIPULAG PÍLUPINGS	4
9. GREIN – KOSNING STJÓRNAR ÍPS	5
10. GREIN – STJÓRNSKIPAN ÍPS	5
11. GREIN – STARFSSVIÐ STJÓRNAR ÍPS	5
12. GREIN – FASTANEFNDIR OG RÁÐ	6
13. GREIN – VALD NEFNDA Á VEGUM ÍPS	6
14. GREIN – RÉTTINDI STJÓRNAR	6
15. GREIN - HEIÐURSFÉLAGI	7
16. GREIN - SAMBANDSSLIT	7

Lög Íslenska Pílukastsambandsins

1. grein – Heiti og aðsetur

Íslenska Pílukastsambandið (ÍPS), er sérsamband þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í pílukasti á Íslandi.

Aðsetur og varnarþing ÍPS er í Reykjavík.

Merki ÍPS er með bláum fjaðurlaga geirum og rauðum fjórðungshring er vísar niður. Utan um merkið er tvöfaldur hringur sem innan er ritað Íslenska Pílukastsambandið ásamt stofnári.

2. grein – Aðildarréttur og skyldur

1. Íslenska Pílukastsambandið er samband pílukastara á Íslandi og aðili að World Darts Federation.
2. Öll þau félög sem iðka, æfa og/eða keppa í Pílukasti geta orðið aðilar að ÍPS. Með aðild að ÍPS skuldbinda aðildarfélög sig til að virða lög og reglur sambandsins ásamt reglum World Darts Federation (WDF)
3. Meðlimur Sambandsins er hver sá sem er skráður félagi og hefur greitt félagsgjald hjá pílufélagi með aðild að ÍPS. Meðlimir sambandsins geta aðeins átt fulla aðild að einu pílufélagi hverju sinni.
4. Félagsskipti eru leyfð fyrir hvern ársfjórðung, en hvert aðildarfélag skal senda inn til ÍPS uppfærða félagsskrá fyrir lok hvers ársfjórðungs, 31.mars, 30.júní, 30.sept og 31.des og skil inn greiðslu fyrir hvern leikmann.

3. grein – Hlutverk og markmið ÍPS

1. Að glæða áhuga, vinna að eflingu og útbreiðslu Pílukasts iðkunar á landinu og stuðla að góðum stjórnarháttum félaga innan ÍPS.
2. Að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir alla til iðkunar á pílukasti og vinna með aðildarfélögum að byggja upp iðkendaaðstöðu.
3. Að auka samkeppnishæfni Íslenskra pílukastara og bjóða upp á tækifæri til að keppa erlendis og auka þannig veg íslensks pílukasts á erlendri grundu.
4. Fara með aðild Íslands innan World Darts Federation (WDF).
5. Berjast gegn notkun hvers kyns efna og aðferða sem bönnuð eru af World Anti Doping Agency (WADA).

DRÖG að nýjum lögum ÍPS

4. grein – Stjórnkerfi ÍPS

Málefnum ÍPS stjórna:

- a. Píluþing ÍPS.
- b. Stjórn ÍPS.

5. grein – Píluþing

Píluþing fer með æðsta vald í málefnum ÍPS. Fundinn sitja fulltrúar frá þeim félögum sem aðild eiga að ÍPS.

Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir fjölda greiddra meðlima, gesta aðild undanskilin, aðildarfélags sem hér segir:

1 til og með 25: Einn fulltrúi

26 til og með 50: Tveir fulltrúar

51 til og með 100: Þrír fulltrúar

101 og fleiri: Fjórir fulltrúar

Fundinn skal árlega háð fyrir 15.mars ár hvert. Píluþing skal boða skriflega með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn ÍPS minnst 4 vikum fyrir fundinn. Þá skal stjórn ÍPS tilkynna sambandsaðilum dagskrá fundarins, ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa, í síðasta lagi 2 vikum fyrir fund. Píluþing er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.

6. grein – Réttur til þingsetu

Á Píluþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt á sæti og hafa þar málfrlsi og tillögurétt:

- a. Stjórn ÍPS
- b. Fastráðnir starfsmenn ÍPS
- c. Formenn nefnda
- d. Íþróttfulltrúi ríkisins

Auk þess getur stjórn ÍPS boðið öðrum aðilum á fundinn ef hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar Pílukast innan aðildarfélaga ÍPS er kjörgengur fulltrúi þess á Píluþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja fundinn, geta fundar meðlimir heimilað að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila – aðildarfélags – sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem

DRÖG að nýjum lögum ÍPS

fundurinn er haldinn. Umboðið, sem jafnframt er beiðni til fundar um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en tvö atkvæði.

7. grein - Aukaþing

Auka Píluþing skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til auka Píluþingar má hafa styttri en til reglulegs Píluþingar. Fulltrúar á auka Píluþingi eru þeir sömu og voru á síðastliðnum Píluþingi á undan. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða fluttur úr héraðinu eða forfallast á annan hátt.

Á auka Píluþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinna aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum.

Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um hefðbundinn Píluþing.

8. grein - Skipulag Píluþings

Störf Píluþings eru:

1. Fundarsetning.
2. Kosning Fundarstjóra og Ritara.
3. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga sambandsins til samþykktar.
5. Stjórnin leggur fram í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
6. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
7. Teknar til umræðu aðra tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

FUNDARHLÉ

8. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
9. Önnur mál.
10. Kosning stjórnar, meðstjórnanda, varamanns og endurskoðanda reikninga skv. 9gr. Sambandsins.
11. Fundarslit.

Sé kosið um mál með fleiri en tveim valkostum skal fella í burt þann valkost sem hlýtur fæst atkvæði og kjósa aftur; skal þetta endurtekið þar til einungis tveir valkostir standa eftir.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Kosningar á aðalfundi skulu vera leynilegar sé þess óskað, annars úrskurðuð með handauppréttingu.

DRÖG að nýjum lögum ÍPS

Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Fundarfulltrúar geta með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv 5.gr. 3.mgr.). Skýrslu stjórnar ÍPS ásamt fundargerð skal birt til athugasemda innan viku frá fundarslitum.

9. grein – Kosning Stjórnar ÍPS

Stjórn ÍPS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn sambandsins skipa sjö manns og skal kosið til tveggja ára í senn:

- Forseti, ritari og einn meðstjórnandi kosnir á sléttum ártölum.
- Gjaldkeri, varaformaður og tveir meðstjórnendur kosnir á oddatölu ártölum.
- Þá skal kjósa einn varamann fyrir stjórn og einn endurskoðanda að reikningum.
- Ávallt skal þó kjósa í lausar stöður stjórnar óháð ártali komi slíkt upp.

Stjórn er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík.

Reikningsár ÍPS er almanaksárið.

10. grein – Stjórnskipan ÍPS

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir á milli Píluþinga og kemur fram fyrir hönd sambandsins. Formaður boðar til stjórnarfunda, er þörf krefur eða fjórir eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Stjórn er heimilt að ákveða að varastjórnarmenn megi sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn er einnig heimilt að ákveða að formenn nefnda geti setið stjórnarfund eða hluta funda með málfrelsi og skal það ákveðið fyrir hvern fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en þegar atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur telst löglegur mæti að minnsta kosti fjórir stjórnarmenn til hans. Þó er ályktun því aðeins lögleg, að þrír stjórnarmenn hið fæsta samþykki hana.

Stjórn ber skylda að halda fundargerðir og skulu fundargerðir birtar á vefsíðu ÍPS eigi síðar en 14 dögum eftir að stjórnarfundi lýkur.

11. grein – Starfssvið Stjórnar ÍPS

Starfssvið stjórnar ÍPS er:

1. Annast rekstur sambandsins.
2. Framkvæma ályktanir Píluþings.
3. Fara með málefni ÍPS milli Píluþinga.
4. Líta eftir því að lög og reglugerðir ÍPS séu haldin.

DRÖG að nýjum lögum ÍPS

5. Ráða í störf landsliðsþjálfara er annast Landslið Íslands í Pílukasti.
6. Skipuleggja og halda Íslandsmeistaramót í 501 Pílukasti ásamt Íslandsmeistaramóti Félagsliða.
7. Skipuleggja, auglýsa og framfylgja öðrum viðburðum sem ÍPS ákveður og birtir á viðburðardagatali sínu.

12. grein – Fastanefndir og ráð

Nefndir á vegum ÍPS.

Stjórn ÍPS skal á hverju ári skipa þrjá aðila í hverja af eftirfarandi nefndum og skal formaður hvernar nefndar skipaður sérstaklega:

- Aganefnd
- Mótanefnd
- Barna og Unglingaráð
- Markaðsnefnd

Nefndir á vegum ÍPS skulu starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS.

13. grein – Vald nefnda á vegum ÍPS

Aganefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um öll þau deiluefni sem ekki eru sérstaklega falin öðrum í reglugerðum ÍPS.

Mótanefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS.

Barna og Unglingaráð skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS.

Laganefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og gera tillögur að lagabreytingum auk þess að taka á móti lagabreytingum frá aðildarfélögum og fulltrúum þeirra.

Um hæfi nefndarmanna til úrskurða í einstaka málum skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls skal stjórn ÍPS skipa annan aðila í hans stað í því tiltekna máli.

14. grein – Réttindi Stjórnar

Stjórn ÍPS hefur frjálstan aðgang að öllum Pílukast mótum og viðburðum sem fram fara innan vébanda ÍPS. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi aðildarfélaga sem eru aðilar að sambandinu. Stjórnarmeðlimir hafa ekki atkvæðisrétt, nema þeir tilheyri því félagi sem fundur er sóttur. Stjórnarmeðlimir njóta þeirra fríðinda að þurfa ekki að greiða í mót sem þeir skipuleggja og haldin eru undir formerkjum ÍPS.

15. grein - Heiðursfélagi

Heiðursfélag ÍPS má stjórn kjósa ef hún er einhuga um það.

16. grein - Sambandslit

Tillögur um að leggja ÍPS niður má aðeins taka fyrir á lögmætum Píluþing. Til þess að samþykka þá tillögu þurfa minnst 3/4 atkvæðisbærra fulltrúa að greiða henni atkvæði. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í fundargerðinni og tillagan látin ganga til næsta reglulega Píluþingar. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja ÍPS niður. Skal þá afhenda eignir ÍPS til valinna góðgerðarmála.

Lög þessi öðlast gildi að Aðalfund loknum.